

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 85/1972: Loftorka s/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Hirti Laxdal Gunnarssyni

og gagnsök

(Ingi Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. júní 1972. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. júlí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 503.976.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt skýrslum gagnáfrýjanda og vinnufélaga hans slasaðist gagnáfrýjandi með þeim atvikum, að honum skrikaði fótur á skurðbotninum og greip við það um arm vélgröfunnar, sem í þeim svifum seig niður í skurðinn. Af skýrslunum verður ráðið, að sleipt hafi verið og svað í skurðinum vegna vætu og þiðviðris, en frosið undir. Hlaut stjórnanda vélgröfunnar að vera ljóst, að aðstaðan á skurðbotninum væri af þessum ástæðum óhægari en ella fyrir þá, sem þar unnu, og að gæta þyrfti sérstakrar varkárni um, að þeir héldu sig í hæfilegri fjarlægð, þegar skófluarmurinn var hreyfður niðri í skurðinum. Var þetta þeim mun brýnna sem skurðurinn var djúpur og stjórnandi vélgröfunnar sá ekki vel til þeirra, sem þar voru. Atvik að slysi gagnáfrýjanda benda til þess, að á þessu hafi orðið misbrestur hjá

stjórnanda vélgröfunnar. Er aðaláfrýjandi af þessum ástæðum skaðabótaskyldur vegna tjóns þess, sem af hlaut.

Gagnáfrýjandi fylgdist með því, að skófluarmurinn var að koma niður í skurðinn til viðgerðar. Hann var vanur jarðvegsgrefti, þar sem unnið var með vélum. Verður að telja, að hann hafi sjálfur sýnt gáleysi með því að halda sig ekki fjær þeim stað, sem skóflan átti að koma á. Á hann því einnig sök á tjóni sínu.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Kröfur sínar sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir varanlega örorku kr. 403.976.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og óþægindi — 100.000.00

Kr. 503.976.00

Um 1. Í héraðsdómi eru rakin gögn þau, er fram hafa verið lögð um örorku gagnáfrýjanda og áætlanir tryggingarstærðfræðings um tjón gagnáfrýjanda af slysinu. Þykir rétt að meta tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið kr. 400.000.00.

Um 2. Staðfesta má ákvörðun héraðsdómara um tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda alls kr. 500.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta helming þess, eða kr 250.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá slysdegi 7. nóvember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 80.000.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Loftorka s/f, greiði gagnáfrýjanda, Hirti Laxdal Gunnarssyni, kr. 250.000.00 með 7% árs-

vöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 80.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars

og Benedikts Sigurjónssonar.

Fallast má á það álit héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að eðlilegast hefði verið að framkvæma viðgerð á vélgröfunni uppi á skurðbakkanum. Þessi háttur var ekki á hafður, heldur var skóflan látin síga niður í skurðinn, þar sem menn voru að störfum. Bar stjórnanda vélgröfunnar þá að sýna sérstaka varkárni, enda enginn maður á skurðbakkanum til að gæta öryggis. Sérstaklega bar að gæta þess, að skóflan kæmi niður á skurðbotninn svo fjarri mönnum þeim, er þar voru, að þeim stafaði eigi hættu af henni, enda mátti stjórnanda vélgröfunnar vera ljóst, hve lítið svigrúm mennirnir höfðu niðri í skurðinum og hve sleipt þar var. Þykir mega rekja orsakir slyssins að nokkru til þessara óvarlegu vinnubragða.

Gagnáfrýjandi var vanur öllum vinnubrögðum við verk það, sem hann vann að, og þekkti aðstæður allar. Bar honum að fylgjast náið með því, hvar skóflan kom niður, og gæta þess að halda sér jafnfjarri henni og kostur var. Á þessu varð misbrestur.

Pegar atvik málsins eru virt, þykir rétt að leggja á aðaláfrýjanda helming þess tjóns, er gagnáfrýjandi hefur beðið af slysi þessu.

Á þessum forsendum erum við sammála úrlausn meiri hluta dómenda um fjárhæðir.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu, birtri 21. október 1971.

Stefnandi málsins er Hjörtur Laxdal Gunnarsson verkamaður, Laufvangi 12, Hafnarfirði.

Stefndi er Loftorka s/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 546.863.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t til að gæta réttar síns í málinu. Stefnandi hefur engar kröfur haft uppi á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi, sem hefur látið sækja þing í málinu, hefur engar kröfur gert.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. nóvember 1969 vann stefnandi ásamt tveim mönnum öðrum við að grafa um 5 metra djúpan skurð vestan við Fossvogskirkjugarð í Reykjavík. Við framkvæmd verksins notuðu þeir vélgröfu, Bröyt X2, sem Guðmar Helgi Ámundason stjórnaði. Skömmu eftir hádegi voru stefnandi og flokksstjórinn, Gylfi Hallgrímsson, að hreinsa lausan jarðveg í botni skurðarins. Mokuðu þeir hinum lausu efnum upp í skóflu gröfunnar, er síðan flutti jarðveginn upp á yfirborðið, en grafan stóð á skurðbarminum. Frosið hafði nóttina áður, og var hálka á botni skurðarins, en á umræddum tíma var byrjað að hlána. Meðan á umræddri vinnu stóð, bilaði spenna á glussaröri vélgröfunnar. Kom þremmenningunum saman um að lagfæra bilun þessa í skurðinum. Helgi færði skóflu gröfunnar þannig til, að hún stæði á skurðbotninum, er viðgerð færi fram. Meðan Helgi var að þessu, rann stefnandi til á skurðbotninum. Bar stefnandi fyrir sig hendurnar til þess að detta ekki og greip þá um bómu gröfunnar. Var það á sama andartaki og Helgi var að opna skófluna. Lenti stefnandi með báðar hendur á milli bómunnar og efri hluta skóflunnar, sem þá nam við bómuna. Stefnandi hljóðaði upp af sársauka, og um leið lokaði Helgi aftur skóflunni. Við það losnuðu hendur stefnanda. Stefnandi hlaut töluverð meiðsli á báðar hendur og var fluttur á slysavarðstofuna, en þaðan á Landspítalann, þar sem hann lá síðan í nokkra daga.

Eigi fór fram rannsókn á slysi þessu þá þegar, og ekki var

Öryggiseftirliti ríkisins tilkynnt um slysið. Með bréfi, dagsettu 6. október 1970, óskaði lögmaður stefnanda þess við rannsóknar-lögregluna í Reykjavík, að hún hlutaðist til um rannsókn á slysinu.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. desember 1970. Þar segir m. a.:

„Er slysið skeði, var ég að vinna í skurði ásamt Gylfa Hallgrímssyni, til h. að Framnesvegi 30 hér í borg, og Helga Ámundasyni, til h. einhvers staðar í Breiðholtshverfi, en hann var stjórnandi vélgröfu (Bröyt X2) og var að vinna með henni þarna í skurðinum hjá okkur Gylfa. Verið var að grafa djúpan skurð í Fossvogskirkjugarði, og var skurðurinn um 5 m djúpur. Frosið hafði um nóttina, og var hálka í botni skurðarins, enda byrjað að hlána.

Slysið skeði um kl. 13.30, að mig minnir, og vorum við Gylfi þá að hreinsa til lausan jarðveg í botni skurðarins, en jarðvegi þessum mokuðum við upp í skóflu gröfunnar, sem síðan flutti jarðveginn upp á yfirborðið, en grafan stóð á skurðbarminum.

Er við unnum við þetta, bilaði spenna á glussaröri, og kom okkur öllum aman um að lagfæra bilun þessa þarna í skurðinum, enda aðstaða góð þarna niðri.

Helgi, stjórnandi gröfunnar, færði síðan til skóflu gröfunnar þannig, að hún stæði á botninum, er viðgerðin færi fram, en er hann var að færa til skófluna, þá rann ég til í skurðinum í bleytu, og til að detta ekki þá bar ég fyrir mig hendurnar og greip um bómu gröfunnar, og í þann mund var Helgi að opna skófluna, og lenti ég með báðar hendur á milli bómunnar og efri hluta skóflunnar, sem þá nam við bómuna.

Ég hljóðaði upp af sársauka, og opnaði Helgi þá skófluna, og ég losnaði frá bómunni, en ég var fastur þar, á meðan skóflan nam við bómuna. Mig kenndi strax mjög mikið til, og kom í ljós, að tveir fingur á hægri hendi voru mikið kramdir og einn á vinstri hendi. Einnig krömdust aðrir fingur handa minna nokkuð, en miklu minna, og hlaut ég áðeins skrámur á þá, þó sluppu alveg báðir þumalfingur og báðir vísif. Vinnufélagar mínir fóru með mig á slysavarðstofuna á bifreið, sem við þarna höfðum og er í eigu Loftorku s.f., Hólatorgi 2, Reykjavík, en allir vorum við að vinna hjá því fyrirtæki. Á slysavarðstofunni var ég sprautaður og síðan sendur á Landspítalann, og óku vinnufélagar mínir mér einnig þangað. Þar á handlækningadeildinni var síðan gert að meiðslum mínum, og annaðist það Árni Björnsson læknir.

Fremsta kjúkan á löngutöng og baugfingri hægri handar var

numin burtu, og á vinstri hendi var tekin fremsta kjúkan og nokkuð af annarri á baugfingri.

Ég var síðan lagður inn á Landspítalann, og lá ég þar í um viku tíma. Síðan var ég heima, og var ég frá vinnu í tvo mánuði samtals. Ég fékk greitt kaup allan tímann, sem ég var frá vinnu, og minnir mig, að það væru 8 dagvinnutímar, sem ég fékk greidda, en þó gæti það hafa verið eitthvað meira.

Ég fór síðan að vinna hjá Loftorku aftur og vinn þar enn. Ég held, að ég geti fullyrt, að verkstjórinn, Friðrik Steindórsson, hafi tilkynnt lögreglunni um slysið, en þó ekki fyrr en allöngu síðar og lögreglan talið of langt frá liðið til að framkvæma á staðnum frekari rannsókn.

Umræddur Friðrik er yfirverkstjóri hjá Loftorku, en hann var ekki á staðnum, er óhappið skeði.

Fyrirtækið sá síðan um að tilkynna um slysið til Samvinnu-trygginga, en þar mun umrædd vinnuvél vera tryggð.

Arni Björnsson læknir sendi mig síðan til Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis, sem framkvæmdi örorkumat það, sem hér með fylgir. Ég hefi engar greiðslur fengið aðrar en vinnulaunin frá Loftorku s. f.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég var með gúmmívettlinga og ullarvettlinga, er slysið skeði, og hlífðu þeir mikið. Ég fór með mál þetta í Þorvald Þórarinsson hæstaréttarlögmann, sem mun annast það fyrir mig.“

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 6. apríl 1972. Hann lýsti þá ofangreinda skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu rétta. Jafnframt var fært til bókar:

„Mætti segir, að sá bakki skurðarins, sem vélgrafan stóð á, hafi verið svo til lóðréttur niður í botn skurðarins. Grafan stóð á eystri bakka skurðarins, sem lá frá Heyrnleysingjaskólanum beina stefnu niður í Fossvoginn. Mætti telur, að ljósmyndir hafi ekki verið teknar af skurðgröfunni, eins og hún stóð, þegar slysið varð. Mætti man nú ekki, hvernig grafan stóð á bakkabrúninni. Eftir slysið var mætta lyft í skúffu gröfunnar upp á eystri bakkann. Mætti getur þó ekki rifjað upp, hvernig grafan stóð á bakkabrúninni. Mætti telur frekar ólíklegt, að stjórnandi gröfunnar hafi haft fulla yfirsýn yfir og til skóflugröfunnar, þegar hún lá niðri á skurðbotninum. Hann segir, að flokksstjórinn, Gylfi Hallgrímsson, hafi yfirleitt verið vanur að standa dálítið til hliðar og segja Helga til um, hve mikið lækka ætti skófluna og á hvern hátt ætti að tilfæra hana að öðru leyti. Mætti stóð fyrir neðan skófl-

una, þ. e. sjávarmegin við hana, þegar hann rann til í skurðinum. Hann stóð við eystri bakkann, þ. e. þeim megin, sem grafan var. Minnir mætta, að hann hafi runnið frá eystri skurðbakkannum í áttina að þeim vestari, en ef til vill eitthvað á ská. Mætta minnir, að flokksstjórinn Gylfi hafi staðið aðeins neðar og aftan til við mætta, en kveðst ekki geta greint nánar frá því, hvar Gylfi stóð. Mætti kynnir sér myndina á dskj. nr. 12. Kveður hann myndina sýna sams konar gröfu og notuð var í umrætt sinn, með sams konar bómu og skóflu. Mætti segir, að vegna dýptar skurðarins hafi armur nr. 3 á dskj. nr. 12 verið í beinu framhaldi af bómuarmi nr. 2, en að öðru leyti hafi staðsetning bómunnar og skóflunnar verið með svipuðum hætti og á myndinni greinir, en mætti ítrekar þó, að hann muni ekki, hvernig sjálf grafvélin sneri á skurðbakkannum. Mætti merkir nú með krossi á arm nr. 3, þar sem hann greip um í fallinu, en hann tekur fram, að á arminum, þar sem hann greip um, séu smá eyru sitt hvorum megin, sem hann hafi gripið um, en eyru þessi sjáist ekki á myndinni. Um leið og mætti greip um nefnd eyru, rétti Helgi að fullu úr skóflunni með þeim afleiðingum, að sá hluti skóflunnar, sem merktur er 4 á myndinni, skall á bómuarminn, þar sem mætti hélt um, svo að hendur mætta klemmdust á milli. Um leið og Helgi heyrði ópið frá mætta, breytti hann stöðu skóflunnar, þannig að bómuhlutinn nr. 4 fjarlægðist arminn nr. 3, og losnaði mætti þá frá skóflunni. Mætti var í klofháum vaðstíg-vélum, sem voru uppþrett. Utan yfir þeim var mætti í regnbuxum síðum og að ofan í regnúlpu. Á höndum hafði hann ullarbelgvettinga og þar yfir gúmmíbelgvettinga og var með þá á höndunum, þegar slysið varð. Þeir félagar höfðu um morguninn unnið við að hreinsa botn skurðarins, en á botninum var forarbleyta og frosið undir. Mætti veit ekki, hvort Gylfi flokksstjóri hafi gefið Helga fyrirmæli um hreyfingu á bómunni og skóflunni, og mætti minnst þess ekki, að Gylfi hafi aðvarað mætta að fara lengra frá skóflunni. Mætti kveðst ekki geta sagt um, hve nálægt skóflunni hann var, þegar hann rann til. Hann segir, að Helgi hafi verið að rétta úr armi 3 og opna skófluna til fulls, en telur, að jafnframt hafi hann sveigt bómuna lítillga til vinstri, þ. e. niður eftir skurðinum, og tekur mætti fram í þessu sambandi, að vélin sé þannig útbúin, að stjórnandi hennar geti sveigt bómuna til hliðar til hægri eða vinstri, um leið og hann stjórnar bómunni að öðru leyti.“

Gylfi Hallgrímsson, flokksstjóri hjá stefnda, gaf skýrsu fyrir

rannsóknarlögreglu hinn 3. desember 1970. Þar segir svo: „Ég man vel eftir atviki þessu, og sá ég, er óhappið skeði, enda stóð ég við hliðina á Hirti, er hann rann til. Við vorum að vinna í djúpum skurði, sem grafinn var vestan við kapelluna í Fossvogskirkju-garði. Þarna var einnig Helgi Ámundason, en hann stjórnaði vél-gröfu, sem einnig var þarna á skurðbakkanum. Við Hjörtur vorum að hreinsa lausan jarðveg úr botni skurðarins, og mokuðum við honum upp í skóflu gröfunnar. Við urðum þess síðar varir, að klemma bilaði á glussaröri við skóflu vélarinnar, og kom okkur saman um að lagfæra bilun þessa þarna í skurðinum. Helgi færði síðan til bómuna og slakaði henni síðan niður á botninn og opnaði skófluna. Er hann var að færa til bómuna, sá ég, að Hirti varð fótaskortur, enda forarbleyta þarna í botninum og frosið undir. Ég sá Hjört grípa um bómuna til að forðast fall, og þá um leið lenti efri hluti skóflunnar á höndum hans, sem urðu þar á milli. Ég heyrði hann síðan æpa upp og slakaði Helgi þá strax á skóflunni, og fórum við síðan að aðgæta meiðsl Hjartar. Við vorum þarna með bifreið, sem Loftorka s.f. átti, og fórum við strax á slysavarðstofuna með Hjört og síðan þaðan á Landspítalann. Ég hringdi í framkvæmdastjóra Loftorku s.f. frá slysavarðstofunni, Sigurð Sigurðsson, og tilkynnti honum um slysið, enda átti ég að teljast flokksstjóri þarna á staðnum. Ég hefi lengi unnið með Hirti, og er hann gætinn maður og mjög góður verkmaður.“

Gylfi Hallgrímsson hefur hér fyrir dómi hinn 6. apríl 1972 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Vitnið segir, að grafan hafi verið staðsett þannig á bakkanum, að framhjól hennar sneru að skurðinum, en vitnið man nú ekki nákvæmlega, hvernig hún var staðsett, en telur þó líklegast, að hún hafi verið staðsett um það bil hornrétt á skurðinn og að hjólin hafi verið um það bil 1 metra frá skurðbarmi, en vitnið man það ekki nákvæmlega. Vitnið kveðst hafa staðið rétt hjá Hirti, þegar slysið varð, en kveðst ekki muna það nákvæmlega, en man þó, að þeir voru neðan til við bómuna, en ekki hvar. Vitnið segir, að vitnið eða stefnandi hafi jafnan gefið Helga merki um það, hvenær hann átti að hífa skófluna, eftir að þeir voru búnir að fylla hana, og einnig þegar þeir vildu láta færa skófluna til hliðar niðri í skurðinum. Þá hafi þeir einnig gefið Helga merki um það, hvar þeir vildu fá skófluna niður, enda hafi Helgi ekki séð niður í botn skurðarins, vegna þess hve djúpur skurðurinn var og stýrishúsið nokkuð frá bakkabrúninni. Eystri bakkinn var brattur efst, en skái á honum að neðan. Að

ofan var skurðurinn á að gizka um 4 metrar á breidd, en niðri í botninum á að gizka 2—2½ metri. Vitnið man ekki, hvernig veðrið var, en minnir þó, að það hafi verið rigning, en milkil bleyta var niðri í skurðinum. Vitnið man, að það var gallaklætt. Vitnið segir, að það og stefnandi hafi orðið ásáttir um að gera við bilunina niðri í skurðinum og telur, að annar hvor þeirra, og þá trúlega vitnið sjálft, hafi gefið Helga bendingu um það að slaka skóflunni niður. Vitnið telur, að Helgi hafi haft gott útsýni út um framgluggann, en vitnið man nú ekki neitt að segja um ástand framrúðunnar, þegar slysið varð. Vitnið sá, þegar stefnandi hrasaði, en ekki nákvæmlega hvernig stefnandi greip um bómuna. Vitnið þorir ekki að ábyrgjast, hvort bóman var þá á hreyfingu, en skóflan hafi örugglega verið að opnast. Vitnið var fyrir neðan stefnanda í nefnt sinn og sneri í átt að skóflunni. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvernig skóflan kom niður í umrætt sinn, en telur, að Helgi hafi snúið bómunni til vinstri og látið skófluna síga jafnframt og skóflan komið nokkurn veginn þvert á skurðinn. Í þessu sambandi er mætta kynnt skýrsla stefnanda um þetta atriði, þ. e. niðurlag skýrslu stefnanda. Telur vitnið þá skýrslu vel geta verið rétta. Vitnið telur, að Helgi hafi ætlað að setja bómuna sem næst þvert á skurðinn, til þess að þeir niðri í skurðinum kæmust sem best að biluninni. Vitnið segir, að Helgi hafi verið vanur gröfumaður. Vitnið telur, að Helgi hafi séð vel niður á hausana á þeim, sem ofan í skurðinum voru. Vitnið er spurt að því, hvort það hafi ekki talið rétt að aðvara stefnanda um að vara sig á skóflunni. Kveðst vitnið ekki hafa hugsað út í það, að nein hættu væri á ferðum, og því ekki gert það. Vitnið segir, að Helgi hafi getað haft fulla stjórn á vélinni, enda þótt klemman hafi dottið af, en hún hafi ekki haft nein áhrif á stjórnunarmöguleika Helga á bómunni. Vitnið segir, að grafan hafi verið látin standa kyrr á sama stað allan daginn. Það kveðst hafa hringt í framkvæmdastjóra Loftorku, Sigurð Sigurðsson, og yfirverkstjórnann, Friðrik Steindórsson. Vitnið hringdi hvorki á rannsóknarlögregluna né á Öryggiseftirlit ríkisins. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir vitnið, að vanur maður eigi á auðveldan hátt að geta komið bómunni með skóflunni hornrétt niður í skurðinn eða því sem næst. Vitnið segir, að sleipt hafi verið á botni skurðarins.

Guðmar Helgi Ámundason, stjórnandi vélgröfunnar, undirritaði tilkynningu um tjón þetta til réttargæzlustefnda hinn 8. nóv-

ember 1969. Undir þessa tjóntilkynningu ritaði einnig Friðrik Steindórsson, yfirverkstjóri stefnda. Um atvik að slysinu segir svo í þessari tilkynningu: „Ökumaður gröfunnar var að grafa við Fossvogskirkjugarð. Bilaði þá klemma á glussaröri, og ætlaði hann að fara að laga það, er einn starfsmaður, sem staðsettur var niðri í skurðinum, hrasar og ber fyrir sig hendurnar, en í sama bili skellur bóman við skófluna, og urðu hendur hans á milli.“

Guðmar Helgi gaf aftur skýrslu til réttargæzlustefnda þann 12. janúar 1970, svohljóðandi: „Það var ekki um að ræða nokkra bilun á skóflunni eða bómunni, og gat ég því haft fulla stjórn á tækinu. Bilunin var á klemmu á vökvaröri, og ætlaði ég aðeins að stöðva vinnuna, meðan ég lagaði þetta. Ég var að hagræða bómunni til þess að fara upp á hana og laga klemmuna, sem þar var. Þegar skóflan er fullopin, skellur hún á bómuna, og það gerði hún einnig í þetta sinn, en þá vildi svo til, að maðurinn, sem var niðri í skurðinum, hrasaði til, sennilega vegna hálfu í moldinni og leirnum, og greip með báðum höndum í eyru, sem eru sitt hvorum megin á bómunni, alveg um leið og skóflan var að skella á bómuna. Ég held, að Hjörtur hafi ætlað að fara að hjálpa við að laga klemmuna. Aðspurður kveðst stjórnandi gröfunnar halda, að Hjörtur hafi verið búinn að vinna við þessi störf í tvö til þrjú ár, eða svipaðan tíma og hann sjálfur.“

Guðmar Helgi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 3. desember 1970. Var þá fært til bókar: „Ég var þennan dag að vinna í Fossvogskirkjugarði á vélgröfu af Bröyt X2 gerð, og var ég að moka upp jarðvegi úr djúpum skurði. Vélin stóð á bakknum, en bóma hennar og skófla ofan í skurðinum, en þar voru þeir Hjörtur Gunnarsson og Gylfi Hallgrímsson, og mokuðu þeir jarðvegi upp í skófluna, en ég lyfti því síðan upp úr skurðinum. Við tókum þá eftir því, að spennan af glussaröri féll niður í skurðinn, og ætluðu þeir Gylfi og Hjörtur að lagfæra bilun þessa, enda aðstaða góð þarna í skurðinum og bilunin alveg fremst á bómuendanum. Ég slakaði bómunni alveg niður í botninn og opnaði um leið skófluna, og um leið og hún nam við botninn, heyrði ég einhvern æpa í skurðinum, og þá um leið sló ég til baka stöngina, sem ég áður hafi fært frá mér, og opnaðist þá skóflan aftur. Ég fór síðan út og sá þá, nvað hent hafði. Ég sá þá félagana í skurðinum ekki vel, en þó hvar þeir voru staðsettir, en ekki, hvað þeir aðhöfðust, enda skurðurinn djúpur. Við fórum síðan með Hjört á slysavarðstofuna og þaðan á Landspítalann Ég hefi unnið með Hirti af og til s.l. 4 ár og

líkar mjög vel að vinna með honum, enda hann góður verkmaður og gætinn.“

Guðmar Helgi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 6. apríl 1972. Lýsti Guðmar Helgi þá skýrslu sína til réttargæzlustefnda rétta, einnig kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslunni fyrir rannsóknarlögreglunni, en tók fram, að þar sem segir í skýrslunni, „og opnaðist þá skóflan aftur“, væri nákvæmara að segja, að þá hafi efri hluti skóflunnar farið frá bómuarmi. Jafnframt var bókað eftir vitninu: „Vitnið kveðst nú ekki muna, hvernig grafan stóð á bakkanum, en telur, að hún hafi staðið svipað og myndin á dskj. nr. 12 sýnir, en vitnið kveðst ekki geta munað, hvort hún stóð alveg þvert á skurðinn. Vitnið telur, að skurðurinn hafi verið á milli 4.50—5.00 m á dýpt. Grafan geti ekki með góðu móti hreinsað dýpra en $4\frac{1}{2}$ metra og hafi því þurft að moka með handafli upp í skófluna. Framhjól gröfunnar stóðu á eystri bakkanum á að gizka 50 cm frá bakkabrún, en vitnið segir, að fjarlægðin frá bakkabrún kunni að hafa verið meiri, þar sem jarðvegurinn hafi verið blautur og gljúpur. Útsýni úr stjórnsæti tækisins var með þeim hætti, að vitnið sá ofan á kollana á þeim, sem niðri í skurðinum voru, en skurðurinn var um það bil 3—4 metrar að ofan. Í botninn var skurðurinn á að gizka 1.50—2 metrar á breidd. Vitnið segir, að klemman á glussarörinu hafi dottið af, þegar vitnið var að flytja jarðefni í skóflunni upp á bakkann. Vitnið sá ekki, þegar hún datt. Annar hvor þeirra, sem niðri í skurðinum voru, lét vitnið vita um þetta. Vitnið losaði jarðveginn úr skóflunni með því að lyfta bómunni upp til hægri og upp fyrir gröfuna og flutti jarðveginn þannig upp í hálfhring. Vitnið segir, að hann hafi ekki fengið neina sérstaka merkjagjöf frá þeim, sem niðri í skurðinum voru um það, að hann mætti lækka bómuna, enda hafi ekki neinar slíkar merkjagjafir verið gefnar, en vitnið reyndi jafnan að fylgjast með því, hvar mennirnir, sem niðri í skurðinum voru, væru staðsettir, þegar hann hreyfði bómuna til. Í umrætt sinn var vitnið að tilfæra skófluna ofan af bakkanum, og ætlaði vitnið að láta tennurnar á skófluendanum nema við botninn, á meðan viðgerð færi fram. Vitnið man nú ekki, hvar skófluendinn kom niður í skurðinn miðað við gröfuna sjálfa á bakkanum. Er vitninu í því sambandi bent á skýrslu stefnanda um þetta atriði. Telur vitnið, að skýrsla stefnanda að þessu leyti geti vel verið rétt. Vitnið man ekki, hvar Gylfi stóð, þegar slysið varð. Vitnið telur, að það hafi vitað, hvar stefnandi og Gylfi voru, þegar hann lét bómuna falla, enda kveðst

hann ekki mundu hafa slakað bómunni, nema vita fyrir fram, hvar þeir væru í skurðinum. Vitnið segir, að mikið hafi rignt undanfarna daga og hafi allt verið á floti þarna, en vitnið man ekki nú, hvort úrkoma var einmitt þá stundina, er slysið varð. Úr stjórnsætinu þurfti vitnið að horfa út um framglugga stýris-hússins, sem ekki var hægt að skrífa niður. Á framrúðu þessari var þurrka, en vitnið man nú ekkert um ástand þurrkunnar, en vitnið telur, að rúðan hafi verið óskemmd þannig, að hann hafi haft óhindrað útsýni um hana. Frekar aðspurt segir vitnið, að oft hafi komið fyrir, að rúðurnar hafi brotnað, en jafnan hafi þá verið skipt um rúður, en um ástand rúðunnar í umrætt sinn kveðst vitnið nú ekki geta munað neitt sérstaklega. Vitnið segir, að Friðrik Steindórsson hafi verið yfirverkstjóri yfir verkinu en flokksstjóri hafi talizt Gylfi Hallgrímsson, sem hafi auk þess verið elztur og haft mesta starfsreynslu. Vitnið segir, að umrædd grafa hafi verið seld til Ísafjarðar og muni vera þar enn, en vitnið, sem er enn starfsmaður hjá stefnda, segir, að sams konar vél sé til hjá fyrirtækinu. — Upplesið, játað rétt bókað með þeirri athugasemd, að þeir, sem ofan í skurðinum voru, hafi að jafnaði gefið vitninu merki um það, þegar lyfta átti skóflunni upp með jarðefnin og þegar þeir vildu láta hreyfa hana til hliðar í skurðinum.“

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að meginorsök slyssins hafi verið ófullnægjandi vinnuaðstæður í skurðinum, því að undir eðlilegum kringumstæðum hafi honum ekki átt að skrika fótur. Viðkomandi verkstjóra hafi borið að sjá um, að vinnuaðstæður væru sem bestar og fyllsta öryggis væri gætt á vinnustað. Þessari skyldu sinni hafi verkstjórinn brugðizt. Í umrætt sinn hafi enginn maður verið uppi á skurðbakkanum til þess að leiðbeina stjórnanda vélgröfunnar, en sá síðastnefndi hafi ekki getað séð nægjanlega ofan í skurðinn vegna dýptar skurðarins. Flokksstjórinn hafi heldur ekki séð um merkjagjöf í umrætt sinn og hann hafi enga aðvörun gefið. Bóman, sem sé vinstra megin við stjórnsæti gröfunnar, hafi byrgt mjög útsýn til vinstri, svo að stjórnandi vélgröfunnar hafi af þeim sökum einnig séð mjög illa til, þegar hann sneri gröfunni til vinstri, þar sem stýrishúsið snúist með bómunni. Þá sé þess að geta, að rigning hafi verið og skammdegi, en eigi sé upplýst um lýsingu á staðnum. Að lokum bendir stefnandi á, að stefndi verði að bera hallann af sönn-

unarskorti, þar sem hann hafi ekki látið lögreglurannsókn á vettvangi fara fram og ekki heldur tilkynnt slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum, að leitt sé í ljós, að stefnandi hafi runnið til og lagt hendurnar á bómu gröfunnar til að verja sig falli. Það sé algengt, að hálka myndist á slíkum vinnustað, sem hér um ræðir. Yfirleitt gæti hálku meira og minna við slík störf og önnur, bæði áþekk og ósambærileg, sem unnin séu utan dyra að vetrarlagi, oft í misjöfnum veðrum. Við slíku sé ekkert að gera. Að minnsta kosti yrðu varnaraðgerðir yfirleitt svo langsóttar, að um það verði ekki sakast, þótt þær séu ekki í frammi hafðar. Viðlíka hætta sé og viðloða á ýmsum vinnustöðum innan húss, án þess nokkuð sé að gert. Megi sem dæmi nefna frystihús og veiðiskipin, þar sem áþekk hætta og hér um ræði sé hvað mest og raunhæfust, án þess að ábyrgð komi til. Það verði sem sagt ekki við vinnuveitanda sakast, þótt slík hætta, sem hér um ræðir, verði virk gagnvart starfsmanni. Honum verði ekki að lögum gerð nokkur ábyrgð á tjóni starfsmanns, sem af slíkri hættu orsakist. Þar komi annað tveggja til eða hvort tveggja, óhappatilviljun og gáleysi þess starfsmanns, er hlut eigi að máli, það sé ætlað til þess, að starfsmenn geri sér slíka hættu ljósa og varist hana hver fyrir sig og á eindæmi sitt. Hér sé óþarfi að fjölyrða um sýknuástæður. Atvik að slysinu séu nægilega í ljós leidd. Fjölmargra dóma njóti um sýknu af kröfum starfsmanns, þar sem aðstæður hafi verið áþekkar. Þótt íslenskir dómstólar séu bótasinnaðir, eins og það hafi verið orðað, hafi þeir aðhyllzt þá grundvallarreglu á sviði skaðabótaréttar, að fullnægt skuli skilyrðum culpareglunnar, til að fébótaábyrgð verði lögð á vinnuveitanda vegna tjóns starfsmanns af völdum slyss í starfi. Því almennara og einfaldara sem starfið sé, þeim mun strangari verði ábyrgðarskilyrðin. Hér komi til álita dæmi, sem að engu leyti fullnægi áskildum ábyrgðarskilyrðum. Sýkna sé því alveg vafalaus. Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að dómstólar hér á landi hefðu á síðustu árum slakað á kröfum um fyllstu varnaraðgerðir vinnuveitanda til að koma í veg fyrir slys á vinnustöðvum.

IV.

Í 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er sett fram eftirfarandi meginregla: „Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu

verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því sem föng eru frekast til.“ Þessi stranga lagaregla hefur verið sett til verndar þeim mikilsverðu hagsmunum verkamanna, að þess sé gætt af hálfu vinnuveitanda, svo sem frekast er unnt, að verkamenn bíði ekki líkamstjón við vinnu sína. Vinnuveitendur geta váttryggt sig gegn mistökum starfsmanna sinna í þessu efni, svo sem stefndi gerði í því tilvik, sem hér er um fjallað. Verður því ekki á það fallizt með stefnda, að ástæða sé til fyrir dómstólana að slaka á kröfum að þessu leyti. Eigi fór fram rannsókn á slysinu á vettvangi, og ekki tilkynnti stefndi Öryggiseftirlitinu um slysið, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Fullnægjandi rannsókn á vettvangi hefði gefið gleggri upplýsingar um staðhætti alla. Verður þessi vanræksla stefnda að koma honum í koll við mat á sönnunargögnum um atvik að slysinu.

Dómendur hafa skoðað vélgröfu af sömu tegund og umrædd vél, en af yngri árgerð.

Svo sem fyrr er lýst, losnaði klemma á glussaröri á bómu vélgröfunnar. Þrátt fyrir ummæli stefnanda verður ekki talið, að góð aðstaða hafi verið niðri í skurðinum til að gera við bilun þessa, svo sem stefnandi var klæddur og aðstæður voru að öðru leyti, en nauðsynlegt var að klifra upp á bómu vélarinnar til þess að komast að rörinu. Eðlilegast var að láta stjórnanda vélgröfunnar annast viðgerðina uppi á bakkanum. Telja verður, að sú ákvörðun að láta gera við rörið niðri í skurðinum hafi verið tekin af flokksstjóranum, sem var niðri í skurðinum með stefnanda. Ósannað er, að flokksstjórinn hafi þá jafnframt hlutast til um, að stjórnandi vélgröfunnar fengi glöggar bendingar um slökun bómunnar á þann hátt, að hættulaust væri fyrir þá, sem niðri í skurðinum voru. Leggja verður til grundvallar, að stjórnandi gröfunnar hafi alls ekki haft næga útsýn úr stýrishúsi vélarinnar niður í skurðinn. Enginn maður var uppi á skurðbakknum til að leiðbeina stjórnanda vélgröfunnar, sem gat ekki vegna dýptar skurðarins séð nægjanlega til stefnanda, sem stóð niðri í skurðinum undir skurðbakknum, sem vélgrafan stóð á. Stjórnandi gröfunnar „opnaði“ skófluna, um leið og hann lét bómuna síga niður í skurðinn, og færði hana jafnframt til hliðar. Ósannað er, að hann hafi gefið stefnanda eða flokksstjóranum til kynna, að hann mundi „opna“ skófluna, um leið og hann beindi bómunni niður í skurðinn, en við framkvæmd verksins áður kom ekki til slíkrar „opunar“ niðri í skurðinum. Þetta skapaði hættuástand, sem ósannað er, að stefnandi hafi mátt sjá

fyrir. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og með til-
liti til sönnunarreglna verður að telja, að stefndi sé bótaskyldur
gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir við
slysið. Telja verður hins vegar, að stefnandi hafi ekki sýnt næga
aðgæzlu og að hluta sé um óhappatilviljun að ræða. Þykir því
rétt, að stefnandi beri sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta tjóns síns, en stefnda verð-
ur gert að bæta honum tjónið að $\frac{2}{3}$ hlutum.

V.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Örorkutjón	kr. 446.863.00
2. Þjáningar, óþægindi og lýti	— 100.000.00
	Kr. 546.863.00

Um kröfulið 1.

Stefán Guðnason læknir hefur hinn 29. apríl 1970 metið ör-
orku stefnanda. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Fyrir liggur vottorð Árna Björnssonar, yfirlæknis, Reykja-
vík, dags. 20/4 1970 svohljóðandi:

„Hjörtur Laxdal Gunnarsson, f. 27/10 1948, til heimilis að Linn-
etsstíg 6, Hafnarfirði, var lagður inn á Handlæknisdeild Land-
spítalans hinn 7. 11. 1969 vegna afleiðinga af handarslysi, er hann
hafði orðið fyrir sama dag, er hann var að vinna að sögn í skurði
og var lyft upp úr skurðinum með gröfu.

Hjörtur slasaðist á báðum höndum, og var ástand hans við komu
svo lýst, að hægri hönd er þannig sködduð, að vísifingur er kram-
inn fremst, nöglin af og naglbeður í sundur og sár út frá sprung-
unni niður á gómana báðum megin. Fremsti hluti af löngutöng
var kraminn sundur, allt hold frá beini og mestallt sundurkramið
alveg upp fyrir distala interphalangealliðinn, beinið stendur út
úr bert. Svipað er að segja um baugfingurinn, þar er holdið einn-
ig mjög kramið og marið upp fyrir distala i.p. liðinn og beinið
auk þess brotið. Á litlafingri er nöglin af og sprunga í naglbeðnum,
en að öðru leyti er fingurinn lítið skaddaður. Vinstra megin er
ástand þannig, að langatöng er sprungin fremst, nöglin af og
naglbeðurinn sprunginn og sprunga út til beggja hliða og upp í
fingurinn, þannig að hún er klofin upp undir proximala i.p. lið-
inn, en fliparnir eru báðir lífvænlegir. Baugfingur er sundur-
kraminn fremst og upp fyrir miðjan miðphalanx og loks er litli-

finger sprunginn gegnum naglbeðinn og nöglin alveg af og sprungur út til beggja hliða niður í góminn.

Gert var að sárum sjúklings, þannig að sárin á vísifingri og litlafingri hægri handar voru saumuð, langatöng og baugfinger voru teknir í sundur um miðjan miðphalanz og saumað fyrir endana. Þá voru sárin á löngutöng og litlafingri vinstri handar saumuð, en baugfinger var tekinn í sundur um miðjan eða rétt ofan við miðjan miðphalanz og saumað fyrir endann.

Slasaði útskrifaðist þ. 13. 11. 1961.

Sárin greru vel, og slasaði hefur nú hafið vinnu, og virðist það ganga vel, þannig að hann hefur getað haldið sinni fyrri vinnu og hefir ekki veruleg óþægindi í höndunum, en að sjálfsögðu takmarkar bæklunin vinnuhæfni hans til annarra starfa verulega. Ekki verður ástæða til frekari aðgerða.“

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 27/4 1970. Slasaði kveðst hafa verið óvinnufær í 2 mánuði frá slysdegi, en hélt fullum launum. *Hægri hönd*: Það vantar fjærkjúkur III. og IV. fingurs. *Vinstri hönd*: Það vantar fjærkjúku og hálfa miðkjúku IV. fingurs. Ör eru öll slétt og vel gróin.

Ekki er að vænta frekari bata á meiðslum slasaða, og telst tímaþætt að meta nú þá örorku, sem hann hefur hlotið af afleiðingum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 2 mánuði:	100%
Eftir það varanlega	10%“

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 6. júlí 1970 metið örorkutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats. Í álitagerð tryggingafræðingsins segir m. a.:

„Hjörtur er sagður fæddur 27. október 1948 og hefur því verið 21 árs á slysdegi.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Hjartar árin 1967-1969 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1966	kr. 144.611.00
— 1967	— 218.754.00
— 1968	— 260.506.00

Hjörtur hefur aflað þessara tekna 18, 19 og 20 ára gamall. Auð-

séð er, að hann hefur haft miklu meiri tekjuöflunarhæfni en venjulegt er um unglunga á þeim aldri, og tekjur hans síðasta árið, þ. e. árið 1968, eru álíka háar og meðaltekjur kvæntra verkamanna það ár samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar.

Ég tel því rétt að nota tekjur tveggja síðustu áráanna umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á 2. texta Dagsbrúnar.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 10% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 90% af þeim í tvo mánuði:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku
1. árið eftir slysið	kr. 306.104.00	kr. 44.397.00	kr. 28.866.00
Síðan árlega	— 323.548.00		— 32.355.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 42.887.00
— varanlegar	— 403.976.00

Samtals kr. 446.863.00

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Hjörtur kann að hafa fengið greitt frá vinnuveitanda fyrst eftir slysið.

2. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Tryggingafræðingurinn hefur hinn 25. maí 1972 endurreiknað örorkutjón stefnanda. Í álitserð um þetta segir tryggingafræðingurinn:

„Síðan ég í útreikningi, dagsettum 6. júlí 1970, reiknaði út örorkutjón Hjartar Gunnarssonar vegna slyss hans 7. nóv. 1969, hafa orðið mjög miklar hækkningar á kaugtöxtum verkamanna,

bæði vegna hækkana á kaupgreiðsluvísitölu, en hún verður frá 1. júní n.k. 117, og hækkana á grunnkaupi. Þér óskið því eftir nýjum útreikningi.

Ég hef áætlað vinnutekjur Hjartar að nýju með tilliti til taxta-hækkanna, og er þá reiknað með þeim hækkunum, sem vitað er um að verða 1. júní n. k. og 1. marz 1973.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap reiknast nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap	
		v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku
1. árið eftir slysið	kr. 308.553.00	kr. 44.397.00	kr. 30.855.00
2. — — —	— 339.272.00		— 33.927.00
3. — — —	— 406.700.00		— 40.670.00
4. — — —	— 454.245.00		— 45.424.00
síðan árlega	— 462.382.00		— 46.238.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 42.887.00
— varnlegrar	— 562.872.00
Samtals	kr. 605.759.00

Um aðrar forsendur og reiknigrundvöll vísast til fyrri útreiknings míns.“

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á útreikningum tryggingafræðingsins, en bendir á, að ekki eigi að koma til lækkunar á þessum lið vegna þess, hve langt sé liðið síðan fyrri útreikningur var gerður og þegar tekið sé tillit til síðari útreiknings.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Auðsætt sé af örorkumatinu, að stefnandi hafi þrátt fyrir meiðslin óskerta starfsorku til að gegna störfum sínum hjá stefnda og öðrum áþekktum störfum. Það eitt skipti hér máli, en ekki hvort möguleikar stefnanda til óskyldra starfa séu skertir. Fram komi í örorkumatinu, að stefnandi hafi verið frá vinnu vegna meiðslanna í tvo mánuði, en hann hafi notið allan þann tíma óskertra launa hjá stefnda. Stefnandi hafi ekki síðan misst neinar tekjur vegna slyssins og eigi sé ástæða til að ætla, að til þess komi nokkurn tíma. Það sé því fjarri lagi, að stefndi sé krafinn um bætur til handa stefnanda fyrir liðna tíð. Hið tímabundna örorkumat eigi því

engan rétt á sér. Þá beri að meta til lækkunar skattfríðindi og hagræði af eingreiðslu. Stefndi mótmælir því einnig, að taka eigi nokkurt tillit til síðari útreiknings tryggingafræðingsins.

Stefnandi hefur að vísu haldið áfram störfum hjá stefnda allt frá slysdegi og haldið föstum launum sínum. Ljóst er hins vegar, að fyrir verkamann hlýtur það að vera umtalsverð örorka, svo sem í örorkumati er rakið, þegar verkamaður missir framan af löngutöng og baugfingri hægri handar og baugfingri vinstri handar. Samkvæmt venju þykir við ákvörðun bóta samkvæmt þessum kröfulið mega hafa hliðsjón af hinum nýja útreikningi tryggingafræðingsins. Þegar gögn öll eru virt og höfð eru í huga þau réttarfarssjónarmið, sem hér eiga við, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið á kr. 410.000.00.

Um kröfulið 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Auk tímabundinna þjáninga verður að ætla, að stefnandi hafi nokkur varanleg óþægindi af limlestingu þeirri, sem hann varð fyrir. Af henni hefur stefnandi einnig hlotið varanleg lýti. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema samtals kr. 510.000.00 (410.000.00 + 100.000.00). Ber stefnda að greiða stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta tjónsins, eða samtals kr. 340.000.00 með vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt verkfræðingunum Guðmundi Björnssyni prófessor og Haraldi Árnasyni ráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Loftorka s/f, greiði stefnanda, Hirti Laxdal Gunnarssyni, kr. 340.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.